

**Pórshamar, Sognstún 1. 1942** (Landnúmer: 151715 Fastanúmer: 2155234).

*(Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1992).*

Eigandi Steinþór Steingrímsson. Útveggir steinsteyptir, þak járnlætt valmaþak. Öll gólf, skilveggir, loft og stigar úr steinsteypu nema efsta plata. Kjallara skipt í þrjú svefnherbergi, þrjár geymslur, þvottahús, hol og snyrtingu. Hæð, tvær samliggjandi stofur, herbergi, bað, eldhús, hol og búr. Stærð: 9,3 x 7,85 x 5,8 / 4,75 x 1,25 x 5,8 / 4,45 x 105 x 5,8 m.= 171 m<sup>2</sup> og 496,5 m<sup>3</sup>. Viðbyggð forstofa 1993 stærð: 3,0 x 2,0 x 2,6 m.



*Stutt saga húss:*

Tryggvi Kr. Jónsson byggði Þórshamar 1942 á Sognstúninu. Húsið er byggt í funkisstíl. Útveggir steinsteyptir, þak járnlætt valmaþak. Öll gólf, skilveggir, loft og stigar úr steinsteypu nema efsta plata. Kjallara skipt í þrjú svefnherbergi, þrjár geymslur, þvottahús, hol og snyrtingu. Hæð, tvær samliggjandi stofur, herbergi, bað, eldhús, hol og búr. Tryggvi hafði áður byggt Ásbyrgi með bróður sínum, Björgvin, og bjó þar þangað til hann flutti í þetta nýja hús. Jórunn Jóhannsdóttir kona hans var frá Sogni, móðir hennar Guðlaug Baldvinsdóttir og Aðalbjörg systir hennar bjuggu þar og uppeldissystir hennar, Rannveig bjó í Haukafelli, húsinu beint á móti og Baldvin bróðir hennar í Strandbergi og áður í Gimli svo það var ekki óeðlilegt að hún vildi koma í heimahagann. Þau Tryggvi og Jórunn bjuggu í Þórshamli allan sinn búskap eftir þar. Árið 1991 eignast Steinþór Steingrímsson og Hulda Arnsteinsdóttir húsið og bjuggu þau þar til ársins 2002 þegar þau flytja burt og selja núverandi eiganda, Helgu Snorradóttur og Jóhannesi Björnssyni Þórshamar.



*Athugasemd um húsið:*

Húsinu hefur allatíð verið haldið vel við og engar stórvægilegar breytingar verið gerðar. Meðan Steinþór og Hulda áttu húsið var skipt um þak og það einangrað upp á nýtt með 200 mm. steinull. Við það tækifæri var skorsteinn fjarlægður. Ennfremur var þakjárnið látið ganga útyfir steypu þakrennurnar sem fyrir voru og settan nýjar járnrennur í staðinn. Þakkantarnir voru klæddir með timbri. Skipt var um alla glugga í húsinu og sett verksmiðjugler en gluggum ekkert breytt útlitslega. Byggður var árið 1993, 6 m<sup>2</sup> forstofuinnangangur með skúrþaki við útidyrnar að vestan.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Lóðir er 600,0 m<sup>2</sup>. leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Garðurinn ræktarlegur og gróinn háum reynitriám. Á þeim hliðum garðsins sem snúa að götu er steinsteypt girðing, um 70 cm há og upp úr henni standa rör með 150 cm bili. Á milli röranna eru festar fjalir í tveimur röðum. Eftir að núverandi eigendur eignuðust húsið létu þau gera mikill 100 m<sup>2</sup> sólpall sunnan við húsið, með heitum potti og skjólvegg allt um kring. Austan við húsið er hellulagt bílaplan og frá því er trébrú yfir litla manngerða tjörn með gosbrunni. Hellulögð gangstétt liggur frá götu að útitróppum.



<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur, íbúar</b>	<b>Börn</b>
1942-1991	<b>Tryggvi Kr. Jónsson</b> Jórunn Jóhannsdóttir	Kristinn (1936) Jóhann (1938)
1942-1972	Jón Jónsson	
1962-1963	Jóhann Tryggvason Hildur Eiðsdóttir	Tryggvi Þór (1961)
1991-2003	<b>Steinþór Steingrímsson</b> <b>Hulda Steinunn Arnsteinsdóttir</b>	
-2003	Elías Björnsson Gunnhildur Ottósdóttir	
2003	<b>Helga Ester Snorradóttir</b> Jóhannes Kristján Björnsson	Þórgunnur Lilja (1986) Snorri Guðlaugur (1987) Björn (1994) Gyða (1994)

**Haukafell** 1932 (Stefáns Hallgrímssonar hús) Sognstún 2. Lnr: 151716

Fnr: 215-5235

(*saga Dalvíkur III bindi, bl. 304 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936)*)

(l: 8,8 – b: 8,1 – h: 8,4). Einnar hæðar steinhús m/ porti og risi með kvisti. Kjallari undir hálfu húsinu, skiptist í þrjú herbergi, þrjú smáklefa og gang m/ uppgöngu á aðalhæð. Þar eru fjögur herbergi, máluð eða veggfóðruð. Í risi fimm herbergi. Miðstöðvarhitun. Rafmagn til ljósa (1932).



(*Skrá yfir hús og bæi á Dalvík 2. júní 1934. úr skýrslu Jarðskjálftanefndar*)

Stefánshús. Portbyggt steinhús á kjallara, timburloft og þak. Litlar skemmdir – íbúðarhæft. Húsráðendur; Stefán Hallgrímsson og Rannveig Stefánsdóttir.

(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1984*)

Steinsteypt hús með járnklæddu þaki. Hátt ris með 0,8 m porti. Skilrúm steinsteypt og úr timbri. Steinsteyptur stigi. Íbúðarhús. 13 m í næsta hús. Kjallara skipt með steinsteypu í 3 hólf. Stærð; L- 8,8 B- 5,0 H- 2,1 m. Ris skipt með timbri í 5 herbergi og gang. Hæð skipt með steinsteypu í 4 herbergi og forstofu og gang með uppgöngu á rishæð. Stærð; L 8,0 B-8,8 H- 4,6.m. eigandi; Kaupfélag Eyfirðinga.



*Stutt saga húss*

(*Eigenda- endurbótasaga. Rætt við Hörð Fúsa*)

Haukafell eða Stefánshús byggði Stefán Hallgrímsson árið 1932 og var það ekki fullgert þegar jarðskjálftinn dynur yfir, því efri hæðin var enn óinnréttur. Fjölskyldan í Bjargi flutti þangað inn um stundarsakir meðan Bjarg var sett í stand eftir skjálfta.

Stefán og Rannveig kona hans bjuggu þar allan senn búskap. Þegar þau seldu, keypti Kaupfélag Eyfirðinga húsið fyrir starfsmenn sína og þar bjuggu um tíma, eða frá 1972, þau Kristján Ólafsson útibússtjóri og kona hans Valgerður Guðmundsdóttir. Kristján bjó í húsinu til 1980 og þá flutti í húsið Magnús Guðmundsson og Elín Jóna Þórsdóttir sem bjuggu þar í eitt ár. Annar útibússtjóri Kaupfélagsins og seinna bæjarstjóri, Rögnvaldur Skíði Friðbjörnsson og Guðríður Ólafsdóttir kona hans bjuggu þarnæst í húsinu í rúmt ár. Þá tekur við Gunnar Aðalbjörnsson frystihússtjóri og Anna Sigríður Hjaltadóttir. Þau Gunnar og Anna Sigríður keyptu svo Haukafell árið 1983. og eiga það enn.



*Athugasemd við hús*

Haukafelli hefur ekkert verið breitt hið ytra en því hafði verið haldir vel við. Árið 1987 réðust þau Gunnar og Anna í lagfæringar á þaki Haukafells. Nokkrar skemmdir voru í kring um múrpípi. Múrpípan var fjarlægð, skipt um fúnar sperrur og klæðningu. Þakið var einangrað með steinull í stað reiðings sem áður var. Settur var nýr þakpappi en sama þakjárn sett aftur á. Við þetta tækifæri var kvistur á vesturhlið hússins hækkaður og gert á hann risþak í stað skúrþaks sem áður var. Um



svipað leiti létu þau skipta um glugga í húsinu, en hinir nýju gluggar eru því sem næst eins og þeir gömlu. Innvortis hefur húsinu verið breitt talsvert og herbergjaskipan önnur en í upphafi.

*Athugasemd við umhverfi húss*

Húsið stendur á 466,0 m<sup>2</sup> leigulóð í eigu Dalvíkurbyggðar. Á lóðarmörkum fram við götu er hlaðinn kantur úr steinsteyptum klossum. Norð-austan við húsið er malarbílastæði. Garðurinn er snyrtilegur og í honum eru há og gróskuleg birki og reynitré.

<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur / íbúar</b>	<b>Börn</b>
1932-1972	<b>Stefán Hallgrímsson</b> <b>Rannveig Stefánsdóttir</b>	Gunnar Stefánsson (1943)
1943-1967	Gunnar Stefánsson  Egill Júlíusson Guðfinna B. Þorvaldsdóttir	
1972-1982	<b>Kaupfélag Eyfirðinga</b>	
1972-1980	Kristján Ólafsson Valgerður Guðmundsdóttir	Guðmundur J (1966) systir ?
1980-1981	Magnús Guðmundsson Elín Jóna Þórsdóttir	
1981-1982	Rögnvaldur Skíði Friðbjörnsson Guðríður Ólafsdóttir	
1982 og enn	<b>Gunnar Aðalbjörnsson</b> <b>Anna Sigríður Hjaltadóttir</b>	Hafþór (1981) Eypór (1988) Sigríður Jódís (1991)

**Strandberg, Sognstún 4, 1938 (Baldvinshús)** (Landnúmer: 151717

Fastanúmer: 2155236)

(*Saga Dalvíkur III bindi, bl. 304 (Húsagerð og hýbýlakostur á Dalvík um 1936)*).

(l: 12,0 – b: 11,0 – h: 5,1). Einnar hæðar steinhús með kjallara og flötu, steyptu þaki. Kjallari sjö herbergi m/steypum skilrúmum. Hæðin sex herbergi; steyp skilrúm. Allt málað og veggfóðrað. Miðstöðvarhitun. Rafmagn til ljósa (1938).



(*Fasteignarmat 1940*).

Eigandi Baldvin Jóhannsson. Stærð lóðar 432 m<sup>2</sup>. stærð húss. L: 11,2 b: 7,8 vegg hæð frá kjallara að grunni 5,0 m. Útskot 5,5 x 4,0 x 5,0 m. Húsið byggt af steinsteypu 1 hæð, kjallari. Útveggir af tvöfaldri steinsteypu, þak, gólf og skilrúm af steinsteypu. Herbergjaskipan: efri hæð. 4 herbergi, eldhús, bað og forstofa. Neðri hæð: kolageymsla, þvotthús 1 stofa og 4 geymslurými. Íbúðarhús í smíðum 1938, vandað með 1 reyk háf og hlítt. Útihús: skúr af timbri og járn á 3 vegu, járnþak kindahús þar 18 kindur.

(*Virðingabók Brunabótafélags Íslands frá 1986*).

Eigandi Jóhann Antonsson. Útveggir úr steinsteypu. Flatt þak úr steinsteypu. Skilrúm úr steinsteypu og timbri og stigi úr steinsteypu. Kjallara skipt í 7 hólfr og gang. 1. hæð skipt með steinsteypuskilrúmum í 6 hólfr, gang, anddyr og stigahús. Stærð: 7,85 x 5,00 x 5,15 og 6,30 x 11,85 x 5,15. áfast húsinu er skúrbygging úr R-steini með skúrþaki járnklæddu. Stærð: 2,40 x 2,20 x 2,25. Alls 233,0 m<sup>2</sup> og 598,5 m<sup>3</sup>.



*Stutt saga húss:*

Baldvin Jóhannsson frá Sogni og fyrrum kaupfélagsstjóri hafði byggt sér stórt og mikið hús á Sognstúninu sem hann nefndi Gimli. Í því húsi bjó hann ásamt konu sinni Stefaníu Jónsdóttur til 1939 en seldi það þá Svarfaðardalshreppi sem læknabústað, en þau hjón Baldvin og Stefanía fluttu í nýbyggt hús sitt í funkisstíl að Sognstúni 4, sem þau nefndu Setberg. Í fasteignamati 1940 segir; “Húsið byggt af steinsteypu 1 hæð og kjallari. Útveggir af tvöfaldri steinsteypu, þak, gólf og skilrúm af steinsteypu. Herbergjaskipan: efri hæð. 4 herbergi, eldhús, bað og forstofa. Neðri hæð: kolageymsla, þvotthús 1 stofa og 4 geymslurými. Íbúðarhús í smíðum 1938, vandað með 1 reyk háf og hlítt. Útihús: skúr af timbri og járn á 3 vegu, járnþak kindahús þar 18 kindur”. Baldvin og Stefanía áttu húsið og bjuggu í því til 1970 þegar þau selja það Davíð Arnljótssyni, byggingarverkfræðingi, sem þá var nýráðin bæjartæknifræðingur. Davíð átti Strandberg meðan hann starfaði og bjó á Dalvík, en hann flutti burt 1978 og seldi þá Jóhanni Antonssyni húsið. Jóhann og kona hans, Svanfríður Inga Jónasdóttir áttu húsið í 25 ár eða til 2003 þegar þau selja Kristjáni Rúnari Kristjánssyni og Guðbjörgu Láru Ingimarsdóttur Strandberg. Íbúðarlánasjóður eignast húsið 2010 eins og mörg önnur hús eftir hrunið en selur það, það sama ár núverandi eigendum þeim Mario Roberto Molina og Patrycja Maria Opozda.



*Athugasemd um húsið:* Húsið að Sognstúni 4 er í funkisstíl, og hefur verið mjög vel byggt í upphafi. Það hefur haldið útliti sínu óbreyttu alla tíð. Skipt hefur verið um glugga en þeim ekkert breytt. Árið

1994 fór að bera á leka á þaki sem var flatt steinsteypt þak með steiptum 40 cm. hatti í kring. Þá var brugðið á það ráð að setja timburdekk ofan á þakplötuna sem hallar inn að múrpípunni, en þar er niðurfall af þakinu. Ofan á timburdekkið var lagður þakdúkur. Þessa viðgerð annaðist Blikkrás ehf. á Akureyri.

Húsið er hluti af heild sem talin er varðveisluverð. Æskilegt er að í framtíðinni taki endurbætur á húsinu með af upprunalegri gerð þess. Húsið hefur haldist lítið breytt frá upphafi og hefur nokkurt varðveislugildi af sjálfu sér.

*Athugasemd um umhverfi húss:*

Stærð lóðar 599,0 m<sup>2</sup> í eigu Dalvíkurbyggðar. Strandberg er hornhús við Goðabraut, Bjarkabraut og Sognstún. Timburgirðing er í kringum garðinn. Hellulögð stétt er frá götu austan húss að útitröppum við aðalinngang, einnig er hellulögð stétt frá götu vestanhúss og að bakdyrainngangi. Birki, reyni- og aspartré eru í garðinum.



<b>Eigenda og íbúaskrá</b>		
<b>Tímabil</b>	<b>Eigendur, íbúar</b>	<b>Börn</b>
1938-1970	<b>Baldvin G. Jóhannsson</b> <b>Stefanía Jónsdóttir</b>	Guðjón (1933) Örn (1935)
1957-1963	Örn Baldvinsson Kolbrún Björnsdóttir	Inga Jakobína (1957) Stefanía Birna (1960)
-1961-1963	Guðjón Baldvinsson Áslaug B Þórhallsdóttir	Stefanía Birna Arnardóttir (1960)
1965	Jóhanna Þorleifsdóttir	
1970-1978	<b>Davíð Trausti Arnljótsson</b> Hulda Erlingsdóttir	Erlingur Sig (1959) Arnljótur (1968) Ágústa María (1970)
1978-2003	<b>Jóhann Antonsson</b> Svanfríður Inga Jónasdóttir	
2003-2010	<b>Kristján Rúnar Kristjánsson</b> <b>Guðbjörg Lára Ingimarsdóttir</b>	Ingimar Örn Hafsteinsson (1991) Ástþór Ryan Fowler (1994) Veigar Berg Kristjánsson (2001)
2010	<b>Íbúðalánasjóður</b>	
2010 og enn	<b>Mario Roberto Molina</b> <b>Patrycja Maria Opozda</b>	Maya Alexandra Molina (2009) Adam Maciej Molian (2012)
2012	Dina Zanovska	
2012	Ilze Blake	
2012	Janis Jaunbelzers	
2012	Oskars Grinbergs	